

Norðfirðingur

2. tölublað 2001

26.árgangur

Norðfirðingafélagið eignast sumarhús í Neskaupstað

**Efri hæð húseignarinnar að
Hafnarbraut 54 er nú eign
Norðfirðingafélagsins. Íbúðin verður
leigð út sem sumardvalarstaður til
félaga í Norðfirðingafélaginu og verður
byrjað að leigja hana út í sumar. Ekki
er enn ljóst hvenær útleiga hefst en
það verður tilkynnt síðar.**

Viðtakandi

Aðalfundur og Sólarkaffi

Þann 21. janúar síðastliðinn hélt Norðfirðingafélagið aðalfund sinn og Sólarkaffi. Dagskrá aðalfundar var eftirfarandi:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Á fundinum var kosin ný stjórn. Stungið var upp á stjórn og var hún samþykkt einróma.

Það urðu nokkur umskipti í stjórninni og nokkrir nýir komu inn.

Þeir sem stjórnina skipa í dag eru:

Július Brynjarsson formaður

Tómas Hilmarsson gjaldkeri

Stefán Þ Herbertsson ritari

Hermann Ottósson

Ólöf J Guðmundsdóttir

Fanney Jóhannsdóttir

Sólveig M Þorláksdóttir

Við þökkum fráfarandi stjórnarmönnum góð störf í þágu Norðfirðingafélagsins og óskum þeim alls hins besta

Á fundinum færðu synir Herberts Jónssonar þeir Stefán, Tryggvi og Víðir Norðfirðingafélaginu

arfhluta sinn í húseigninni að Hafnarbraut 54 í Neskaupstað að gjöf.

Arfhlutinn er $\frac{3}{4}$ af íbúðinni á efrihæð hússins. Lagt var fyrir fundin að þiggja þessa gjöf og jafnframt að fela stjórninni að ganga til samninga við fjórða erfingjann um kaup á hans hlut.

Aðalfundurinn samþykkti þetta einróma.

Hallgerður Gísladóttir var með upplestur og gæddu gestirnir sér á þönnukökum og öðru góðgæti sem Norðfirskar valkyrjur reiddu fram.

Þátttaka var í meðallagi og vonumst við eftir að fleiri mæti næst.

Sumarhús á Norðfirði

Nú hefur verið gengið frá samningum varðandi húseignina að Hafnarbraut 54 í Neskaupstað og er Norðfirðingafélagið nú fullur eigandi að íbúðinni.

Íbúðin þarfnast smá lagfæringa og málningar áður en hún verður hæf til útleigu og er verið að vinna í því.

Ekki hefur enn verið ákveðið hvenær verður byrjað að leigja hana út en það verður sem fyrst.

Standa vonir til að það verði jafnvel í byrjun júní.

Það vantar ýmislegt í íbúðina, sérstaklega húsgögn og þessháttar.

Viljum við beina því til félagsmanna að ef þeir eiga góð húsgögn og aðra innanstokks muni sem henta þá eru þeir vel þegnir.

Þess má geta að Húsgagnaverslun JSG gaf strax á aðalfundinum nýtt sófasett í íbúðina og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.(JSG er Gisli Þorvaldsson og synir)

Úthlutun á sumarhúsi

Eins og fyrr segir er þetta ekki komið í fastar skorður. Enn. Vantar að ákveða úthlutunartími og leiguverð.

Það er von okkar að félagsmenn nýti íbúðina til fullnustu og þetta verði félagsstarfseminni til framdráttar.

Upplýsingar veita

Júlíus Brynjarsson í síma 587 5206 og

Stefán Herbertsson í síma 5511052

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, 740 Neskaupstað.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Júlíus Brynjarsson (587 5206)

Ritstjóri: Stefán Þór Herbertsson (551 1052)